

Heilbrigðisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2011

**Efni: Athugasemdir vegna frumvarps til laga um heilbrigðisstarfsmenn
(Þskj.967 – 575.mál)**

Stjórn félags sjálfstætt starfandi sjúkráðgjafara, FSSS, fagnar fram komnu frumvarpi um heilbrigðisstarfsmenn. Verði frumvarp þetta að lögum telur stjórn FSSS að lagarammi um heilbrigðisstarfsmenn færist til nútímalegra horfs og fram náist markmið um samræmt lagaumhverfi fyrir heilbrigðisstéttir sem tryggi gæði heilbrigðisþjónustunnar og öryggi sjúklinga.


Það er mat stjórnar FSSS að við brotfall laga um sjúkráðgjafun nr. 58 frá 1976 og lögbundins samráðs við lækna vegna meðferðar sjúklinga skapist dýrmætt svigrúm til hagræðingar og bættrar þjónustu innan heilbrigðiskerfisins.

Reynsla margra ríkja þar sem beint aðgengi að sjúkráðgjafurum hefur verið innleitt er góð. Rannsóknir benda til að breytingarnar hafi ekki dregið úr öryggi sjúklinga og að sjúklingar hafi fengið úrlausn sinna vandamála fyrr og þannig þurft á færri meðferðartímum að halda.

Eftir sem áður er samstarf og samráð lækna og sjúkráðgjafara mikilvægt, ekki síst þegar um flóknari og alvarlegri tilfelli er um að ræða. Stjórn FSSS telur að slíkt samráð sé nægjanlega tryggt m.a. í lagafrumvarpi þessu, lögum um réttindi sjúklinga og siðaregnum sjúkráðgjafara.

Stjórn FSSS gerir engar athugasemdir við frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn en væntir samráðs ef reglugerðir verða settar á grundvelli laga þessara er lúta að starfssemi sjálfstætt starfandi sjúkráðgjafara.

Virðingarfyllt,



Fyrir hönd stjórnar FSSS,
Haraldur Sæmundsson, formaður FSSS